

Ed.

332. Frumvarp til laga

[154. mál]

um sálfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

Öðrum aðilum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess er fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla, hvort tveggja að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands.

Ef sérstakar ástæður mæla með því er einnig heimilt að veita þeim takmarkað eða tímabundið leyfi samkvæmt 1. gr. sem hafa aðra háskólamenntun en hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þá sem nefnd er í 1. mgr., enda liggi fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Íslands.

Heimilt er að synja manni leyfis ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings, þ.á.m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

4. gr.

Sálfræðingur getur afsalað sér löggildingu. Skal hann þá tilkynna ráðuneytinu það skriflega og endursenda því löggildingarbréf sitt.

5. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu samkvæmt 2. gr. ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms, misnotkunar vínugjafa, hás aldurs eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Einnig er heimilt að afturkalla

Þrátt fyrir það að sálfræðingar hafa í vaxandi mæli verið ráðnir til starfa, einkum innan skólakerfis og heilbrigðisþjónustu, hafa ekki verið sett nein lagaákvæði um starfsemi þeirra og starfsheitið sálfræðingur hefur ekki notið lögverndar. Hins vegar setti Alþingi slík lög um félagsráðgjöf vorið 1975 (lög nr. 41/1975) en segja má að störf félagsráðgjafa og sálfræðinga séu að öllum jafnaði tengd nánum samvinnu-tengslum.

Fyrrgreind atriði valda því að brýna nauðsyn verður að telja bera til þess að sett verði lög um verndun starfsheitis sálfræðinga.

III.

Langt er síðan farið var að hreyfa hugmyndinni um setningu laga um sálfræðinga á norrænum vettvangi. Árið 1957 sneri samvinnunefnd norrænna sálfræðinga (Nordiske Psykologers Samarbejdskomité, „SAK“) sér til Norðurlandaráðs og fór þess á leit að ráðið tæki til athugunar samningu samnorrænna reglna um starfsemi sálfræðinga.

Árið 1958 lagði Norðurlandaráð síðan til við ríkisstjórnir landanna að samdar yrðu reglur um starfsemi sálfræðinga, löggildingu, þagnarskyldu, vernd gegn misnotkun sálfræðilegra rannsóknaraðferða og reglur um samnorrænan vinnumarkað fyrir sálfræðinga. Skipaðar voru sérstakar nefndir í þessum tilgangi á öllum Norðurlöndunum nema Íslandi og ákveðið að Noregur sæi um samræmingu verksins. Ekki reyndist þó mögulegt að nefndirnar kæmst að sameiginlegri niðurstöðu, m. a. vegna þess að umboð þeirra voru mismunandi. Þó náðist samstaða um nokkur mikilvæg atriði, þar sem í öllum löndunum var lagt til að lögfestar yrðu reglur um löggildingu sálfræðinga og þagnarskyldu, svo og að komið yrði á fót sérstöku sálfræðingaráði til að vera yfirvöldum til aðstoðar við framkvæmd einstakra ákvæða laganna. Auk þess náðist samkomulag um drög að samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað fyrir sálfræðinga. Slíkan samning er þó ekki mögulegt að staðfesta fyrr en settar hafa verið í öllum löndunum reglur um löggildingu og starfssvið sálfræðinga.

Málið var tekið fyrir að nýju á fundi Norðurlandaráðs í febrúar 1970 og mælti ráðið með því við ríkisstjórnirnar að skapaður yrði grundvöllur fyrir samnorrænan vinnumarkað sálfræðinga á þann hátt að settar yrðu reglur um starfsemi sálfræðinga og menntunarkröfur yrðu samræmdar. Hins vegar kom í ljós að lík lagasetning strandaði á mismunandi atriðum í löndunum og að ekki reyndist unnt að ná fram samnorrænni lausn að svo komnu máli.

IV.

Lög um viðurkenningu sálfræðinga voru sett í Noregi 9. mars 1973 og tóku þau gildi 1. október 1974. Samsvarandi lög hafa ekki enn verið sett á hinum Norðurlöndunum.

Frá 1. október 1974 hefur sá einn rétt til að kalla sig sálfræðing í Noregi sem fengið hefur til þess viðurkenningu norska félagsmálaráðuneytisins.

Frumvarp þetta er í mörgum atriðum svipað norsku lögunum, enda hefur við samningu þess verið reynt að gæta samræmingarsjónarmiða eftir því sem fært hefur þótt. Í norsku lögunum er ákvæði um að skipað skuli sérstakt sálfræðingaráð og skal leita álits þess um fjölmörg atriði varðandi framkvæmd laganna. Skilyrði fyrir löggildingu er m. a. að umsækjandi hafi lokið þeirri skylduvinnu sem krafist er samkvæmt reglugerð. Þá eru sérstök ákvæði um að ráðuneytinu sé heimilt að setja reglur þess efnis að einungis sálfræðingar og aðrir aðilar er hafa tilskilda þekkingu megi nota ákveðnar sálfræðilegar aðferðir og hjálpartæki og að ráðuneytið geti sett nánari reglur um starfsemi sálfræðinga, skrifstofuhald, meðferðarskýrslur o. fl.

Við samningu frumvarpsins var ekki talin ástæða til að taka slík ákvæði upp. Að svo komnu máli er ekki talin þörf á sérstöku ráðgefandi sálfræðingaráði og í 7. gr. frumvarpsins er að finna almenna heimild til setningar reglugerðar er kveði nánar á um framkvæmd laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er sálfræðingum, sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytis, veittur einkaréttur á að kalla sig sálfræðinga. Ráðuneytið álitur að með löggildingu starfsheitisins muni að mestu nást það aðhald sem nauðsynlegt er af þjóðfélagsástæðum. Þegar um slíka lagasetningu er að ræða er venjulegast að miða við að bæði starfsheiti og ákveðin starfsemi séu bundin við þá sem löggildingu hafa hlotið. Hins vegar hefur reynst erfitt að afmarka starfsemi sálfræðinga skýrt frá starfssviði annarra skyldra starfshópa. Niðurstaðan hefur því orðið sú hjá þeim nefndum, sem um þessi mál hafa fjallað á Norðurlöndum, að leggja til að lögfest verði að aðeins þeir, sem hlotið hafa löggildingu, eigi rétt á að kalla sig sálfræðinga og er það sú leið sem hér er valin.

2. mgr. bannar notkun líkra starfsheita, ef þau eru til þess fallin að vekja ranglega hugmyndir um að viðkomandi aðili hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingur. Ákvæðið á t. d. við starfsheiti eins og skólasálfræðingur, vinnusálfræðingur o. fl. Verði frumvarp þetta að lögum yrði notkun slíkra starfsheita eingöngu heimil þeim sem hlotið hafa löggildingu sem sálfræðingar og þá innan ramma sem skilgreindur yrði í reglugerð, sbr. 7. gr. Litið er svo á að ákvæðið sé nauðsynleg viðbót við ákvæði 1. mgr. um einkarétt á starfsheitinu sálfræðingur, m. a. til að koma í veg fyrir misskilning.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um kröfur sem fullnægja þarf til þess að ráðuneytið geti veitt umsækjanda leyfi til að kalla sig sálfræðing.

Aðalkrafan, sem gerð er, er menntunarkrafa og er miðað við þá meginreglu að ekki skuli gerð minni krafa en á Norðurlöndum, sbr. norsku lögin frá 1973. Í norsku lögunum er grundvallarkrafan sú að umsækjandi skuli hafa embættispróf í sálarfræði frá norskum háskóla. Með tilliti til þess hve víða íslendingar stunda nám til fullnaðarprófs í sálarfræði er ákvæðið orðað svo hér að leyfi megi aðeins veita þeim sem lokið hafa kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla. Er þetta í samræmi við inntökuskilyrði Sálfræðingafélags Íslands en gert er ráð fyrir að félagið verði umsagnaraðili um leyfisveitingu.

Svo tekið sé dæmi af þeim nágrannalöndum, þar sem íslendingar stunda helst nám til fullnaðarprófs í sálarfræði, má gera ráð fyrir því að skilyrði fyrir leyfisveitingu verði einkum miðað við eftirfarandi prófgráður:

- a) Danmörk: Psykologisk embedseksamen (cand. psych.);
- b) Noregur: Embetseksamen i psykologi (cand. psychol.);
- c) Svíþjóð: Psykologexamen;
- d) Sambandslýðveldið Þýskaland: Dipl. Psych.;
- e) Bretland: M.A. (Hons.) eða M Sc. í sálarfræði;
- f) Frakkland: Maîtrise de psychologie;

— eða aðrar prófgráður í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem teljast vera jafngildar að því er varðar lengd náms samkvæmt námsskrá, svo og breidd þess og dýpt.

Þá er og ákvæði í greininni um að veita megi aðilum, sem hafa aðra háskóla-
menntun en tilgreind er í aðalkröfunni, takmarkað eða tímabundið leyfi til að kalla
sig sálfræðinga, ef þeir hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar
rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þekkingu
þeirra sem fullnægja aðalkröfunni, enda liggja fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Ís-
lands. Er þetta hliðstætt ákvæði í 3. gr. laga nr. 41/1975 um félagsráðgjöf, svo og
ákvæði í norsku lögnum um viðurkenningu sálfræðinga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Eðlilegt er að löggildingaraðili geti, ef vissar ástæður eru fyrir hendi, aftur-
kallað löggildinguna. Með tilliti til þess hve alvarlegar afleiðingar svipting löggild-
ingar getur haft fyrir viðkomandi aðila, er þó af réttaröryggisástæðum rétt að dóm-
stólar felli fullnaðarúrskurð um málið.

Með hliðsjón af norsku lögnum eru hér tilgreindar eftirtaldar ástæður sem leitt
geti til þess að löggilding sé afturkölluð:

- a) Sjúkdómur. Er þá einkum átt við geðsjúkdóma en vissir aðrir sjúkdómar geta
þó einnig komið til álita ef þeir eru af sérfróðum aðilum taldir valda vanhæfni til þess að stunda sálfræðipjónustu.
- b) Misnotkun vímugjafa, þ. e. þegar drykkjuskaparóregla eða eiturlyfjaneysla veldur
því að viðkomandi er talinn óhæfur til að gegna sálfræðingsstörfum.
- c) Hár aldur, þ. e. séu ellimörk talin valda vanhæfni til starfa.
- d) Aðrar ástæður sem taldar eru valda vanhæfni til starfa, t. d. ef aðili kemur
ótilhlýðilega fram við sjúklinga eða skjólstæðinga sína án þess að sú fram-
koma verði rakin til sjúkdóms.

Loks heimilar greinin ráðuneytinu að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur,
þrátt fyrir viðvörðun, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur
í háð við fyrirmæli laga og er þetta ákvæði sett með hliðsjón af læknaögum.

Um 6. gr.

Ráðuneytið getur samkvæmt þessari grein veitt löggildingu að nýju. Ráðuneytið
metur þá í hverju einstöku tilfelli hvort aðstæður séu slíkar að veita beri löggild-
ingu og þá hvort rétt sé að binda slíka löggildingu við ákveðin tímamörk.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.